



Fornleifaskráning

vegna fyrirhugaðrar lagnar ljósleiðara
frá Akureyri að Kröflu í S-
Þingeyjarsýslu



Bjarni F. Einarsson
2007

Forsíðumyndin sýnir rúst í landi Öndólfssstaða í Reykdælahreppi (nr. 1:1).
Horft mót NV. Ljós. BFE.

FÖRNLEIFAFRÆDISTOFAN

Unnið fyrir Landsnet

© Bjarni F. Einarsson

Maí 2007

Efnisyfirlit

Inngangur	<i>Bls.</i> 4
Skráningin	7
Mótvægisáðgerðir	8
Niðurstaða	9
Heimildir	10
 <i>Viðauki</i>	
Fornleifaskrá	11

Inngangur

Að beiðni Línuhönnunar hf. fyrir hönd Landsnets tók Fornleifafræðistofan að sér að kanna á vettvangi allar fornleifar sem kynnu að leynast á fyrirhugaðri leið ljósleiðara frá Akureyri að Kröflu í Suður - Þingeyjarsýslu. Öll línuleiðin er sýnd á mynd 1. Að minnsta kosti 15 m breitt svæði var kannað í kring um tillöguna og sums staðar jafnvel stærra svæði.


Farið var í gegnum nokkrar heimildir svo sem ýmsar skráningarskýrslur, *Sýslu- og sóknarlýsingar* og *Friðlýsingarskrá*.

Vettvangsvinna fór fram á tímabilinu 14. – 15. desember 2006 og 5. – 7. maí síðastliðinn. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar á viðkomandi stað, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar. Hvert sveitarfélag hefur eigið númerakerfi frá 1 – n. Fylgt var númerakerfi Fornleifafræðistofunnar og byrjað á næsta lausa númeri í viðkomandi sveitarfélögum (sérstaklega bent á að númerið 1:1 kemur oft fyrir af þeirri einföldu ástæðu að mörg sveitarfélaganna hafa ekki áður lent í gagnagrunni Fornleifafræðistofunnar).

Á sumum svæðum hefur svokölluð svæðisskráning áður farið fram og deiliskráning á einu. Á öðrum svæðum hefur skráning vegna mats á umhverfisáhrifum ákveðinna framkvæmda farið fram, þ. e. vegna Kröfluvirkjunar og háspennulína til og frá henni. Í flestum tilfellum er reynt að geta þessara skráninga í fornleifaskránni. Þeirra er einnig getið í heimildaskrá hér að aftan. Flestar þeirra fornleifa sem nú fundust eru þó ekki áður skráðar.

Sérstaklega skal tekið fram að fornleifar eru í næsta nágrenni hinnar fyrirhugðu ljósleiðaraleiðar, þó þær hafi ekki verið skráðar í þessu samhengi. Sumar þeirra voru skráðar í tengslum við skráningarnar sem getið er hér að ofan og sumar eru alveg óskráðar.

Þau nýmæli eru í þessari skráningu að minjum verða gefnar tvennar einkunnir, annarsvegar fyrir minjagildi og hins vegar fyrir varðveislugildi. Slíkt hefur verið gert tvisvar sinnum áður í tengslum við umhverfismat háspennulína frá Ölkelduhálsi að Straumsvík og fyrirhugaða ljósleiðaralögn frá Reyðarfirði að Höfn í Hornafirði. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að auðvelda leikmönnum að átta sig á gildunum. Einkunnirnar eru á skalanum 1 – 10. Gamla matið, *ekkert*, *lítið*, *talsvert* og *hátt* er notað eftir sem áður.



Mynd 1. Gróft yfirlit yfir legu hins fyrirhugaða ljósleiðara frá Akureyri að Kröflu og staðsetning fornleifa, sem ekki er nákvæm. Viðbætur Fornleifafræðistofan. Nákvæmari staðsetning fornleifa er sýnd á yfirlitskortum hjá Línuhönnun hf. Svartir punktar sýna merkilegar fornleifar í nálægð við ljósleiðaralínuna og hafa verið skráðar áður eða eru friðlýstar.

Þegar hættumatið var skilgreint var gengið út frá því sem vísu að hinar fyrirhuguðu línuframkvæmdir myndu ætíð taka tillit til fornleifa og ekki skaða þær. Af framkvæmdunum stafar því ákveðin tímabundin hætta og er lagt mat á hana í viðeigandi reit. Sú hætta ætti að hverfa eftir að framkvæmdum lýkur og tillit hefur verið tekið til allra minjanna.

Í fyrstu vettvangsferð vegna framkvæmdanna var farið yfir allt svæðið (nema Vaðlaheiði og Þegjandadal) og það metið almennt. Þá var garður í Ljósavatnshreppi skráður (nr. 1:1). Hann fannst hins vegar ekki í seinni ferðinni (ekki leitað skv. hnitum).

Í seinni vettvangsferðinni var farið yfir allt svæðið á ný, nema efsta hluta Vaðlaheiðarinnar, en sökum veðurs var ekki hægt að fara þá leið. Á því svæði var vitað um einar fornleifar, hinn svokallaða Þingmannaveg. Hann var þó skráður vestast, í miðjum hlíðum Vaðlaheiðarinnar. Til eru staðsetningarpunktar og ljósmyndir, sem Minjavörður Norðurlands eystra hefur tekið og í samráði við hann þótti ekki ástæða til að bíða færis til að komast upp á heiðina. Þessi hnit hafa verið notuð til að staðsetja veginn inn á loftmyndir, sem fylgja skýrslu þessari.

Fulltrúi verkkaupa var Friðrika Marteinsdóttir hjá Línuhönnun hf. Góðar upplýsingar veittu ábúendur á Eyrarlandi í Eyjafirði. Kann ég þessum aðilum bestu þakkir fyrir.

Nr.	Tegund	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveigildi	Mótvægisáðgerðir
Öngulstaðahreppur									
1:1	Fornleið	1	Landeyðing	Talsverð	Sæm.	1550-1900	Talvert(7)	Talsvert(7)	GPS mæling
1:1	Garður	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið(3,5)	Lítið(3)	Rannsókn
Ljósavatnshreppur									
1:1	Garður	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið(3,5)	Lítið(3)	Rannsókn
2:1	Gata	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið(3)	Lítið(3)	Engar
3:1	Garður	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talvert(5)	Talsvert(5)	Rannsókn
Hálshreppur									
1:1	Þjóðleið	1	Landeyðing	Talsverð	Sæm.	1550-1900	Lítið(3)	Lítið(3)	Engar
Reykdalehreppur									
1:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	-1550	Talsvert(7)	Talsvert(7)	Rannsókn
2:1	Garður	1	Landeyðing	Talsverð	Lélegt	-1550	Talsvert(7)	Talsvert(7)	Rannsókn
3:1	Garður	1	Landeyðing	Lítill	Sæm.	-1550	Talsvert(7)	Talsvert(7)	Rannsókn
4:1	Fornleið	1	Landeyðing	Lítill	Sæm.	1550-1900	Lítið(3)	Lítið(3)	GPS mæling
5:1	Garður	1	Landeyðing	Lítill	Ágætt	-1550	Talsvert(7)	Talsvert(7)	Rannsókn
6:1	Garður	1	Landeyðing	Lítill	Sæm.	-1550	Talsvert(7)	Talsvert(7)	Rannsókn
Aðaldælahreppur									
1:1	Garður	1	Ekkert	Engin	Sæm.	-1550	Talsvert(7)	Talsvert(7)	Rannsókn
2:1	Fornleið	1	Landeyðing	Lítill	Sæm.	1550-1900	Lítið(3)	Lítið(3)	GPS mæling
3:1	Fornleið	1	Landeyðing	Lítill	Sæm.	1550-1900	Lítið(3)	Lítið(3)	GPS mæling
Samtals							Meðaleink.	Meðaleink.	
15 staðir							5,06	5,00	
15 fornleifar/minjar									

Tafla yfir skráðar fornleifar. Aftan við minja- og varðveislugildið eru einkunnir (1-10) hafðar í sviga. Mótvægisáðgerðir miðast við að ekki verði hægt að tryggja öryggi minjanna. Í vissum atvikum er það tilfellið.

Skráningin

Á hinu kannaða svæði eru minjar hins forna Vaðlaþingstaðar í Öngulstaðahreppi (nú Eyjafjarðarsveit) friðlýstar. Staðurinn var friðlýstur þegar árið 1930. Höggvið hefur verið nærri staðnum vegna sumarbústaðabygginga og vegagerðar. Í þjóðminjalögum segir að eigi megi raska landi nær en 20 m frá ystu sýnilegum mörkum fornleifanna. Þessu hefur ekki verið fylgt. Gæta þarf þess að ljósleiðarinn fari ekki nær en 20 m frá fornleifunum.

Bent skal á að skv. þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. 10. grein laganna hljóðar svo: „*Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.*“ Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum (Þjóðminjalög 2001).

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ákvæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.

Samtals fundust á hinu kannaða svæði 15 staðir með jafnmörgum fornleifum.

Í þessari skráningu er, eins og áður hefur komið fram, gengið út frá því að hin fyrirhugaða lína muni ekki spilla fornleifum nema í fáum tilfellum. Hins vegar er ljósleiðaralögnin talin geta valdið tímabundinni hættu og er lagt mat á hana. Með ljósleiðaralögn er átt við allar þær afleiddu framkvæmdir sem til greina koma vegna hennar svo sem umferð véla, geymslu hráefnis o.s.frv. Hægt er að taka tillit til fornleifanna með því að sneiða hjá þeim við alla umferð véla og nota fyrirbyggjandi vegi og slóða til að koma efni til og frá ljósleiðaraleiðinni.

Í öllum tilvikum er hættumatið landeyðing notað undir liðnum viðkomandi lið, vegna þess að sú hætta er viðvarandi, t.d. vegna uppblásturs og vatnagangs.

Fornleiðir, götur og vegir voru ekki raktir langt út fyrir áhrifasvæði þau sem könnuð voru.

Verði ekki hægt að tryggja öryggi fornleifanna eða komast hjá raski á þeim þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til þess og hlíta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Í ágætu ástandi voru sex fornleifar, átta í sæmilegu og einar í lélegu ástandi.

Níu fornleifar á jafn mörgum stöðum voru taldar í hættu vegna annarra þátta en ljósleiðaralagnarinnar. Hættan stafaði af landeyðingu. Aðrar fornleifar voru ekki í neinni hættu annarri en tímabundinni hættu vegna ljósleiðaralagnarinnar (sjá fornleifaskrá).

Sex fornleifar eru taldar vera eldri en 1550 og aðrar frá tímabilinu 1550 – 1900.

Engar fornleifar eru taldir hafa hátt minjagildi, talsvert minjagildi hafa átta fornleifar og lítið minjagildi hafa sjö.

Varðveislugildið er iðulega svipað og minjagildið og er vísað beint í fornleifaskránnar varðandi það.

Ekki þykir ástæða til að friðlýsa fornleifar sem nú voru skráðar.

Meðaleinkunn minjagildis allra minjastaðanna á línuleiðunum er 5,06. Meðaleinkunn varðveislugildis er 5,00. Þetta telst vera talsvert minja- og varðveislugildi þegar leiðin er skoðuð í heild.

Sérstök athygli er vakin á því að fornleifa varð vart utan við áhrifasvæði línunnar. Þær voru yfirleitt ekki skráðar nema að vafi hafi leikið á því hvort þær væru innan markanna eða að einhverjar aðrar ástæður lágu að baki sem kölluð á skráningu.

Mótvægisaðgerðir

Eins og fram hefur komið er gengið út frá því að hægt verði að tryggja öryggi allra fornleifanna við framkvæmdirnar. Sé það hins vegar ekki hægt verður að leita álits Fornleifaverndar ríkisins um þær mótvægisaðgerðir sem þykja nauðsynlegar og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Mótvægisaðgerðir geta verið allt frá ítarlegum rannsóknum til nákvæmrar GPS mælingar. Í töflu 1 má sjá að undir liðnum Mótv.aðgerðir stendur



Mynd 2. Vaðlaþing í Eyjafirði. Vestasta rústin, eða rústaþyrðingin, er beint undir sumarþústaðnum, aðeins 4 m sunnan við heimreiðina. Minjarnar eru friðlýstar árið 1930. Ljósleiðaralínan er í jaðri vegarins niðri t. v. Ljós. BFE.

í vissum tilfellum rannsókn. Er þá átt við gröft á skurði þvert á garðana eða hefðbundna rannsókn á rúst. Í einstaka tilfellum er ekki hægt að komast hjá raski og í öðrum tilfellum er óvíst hvort það er hægt. Þetta verður Fornleifavernd ríkisins að meta endanlega.

Fornleifar nr. 1:1 (garður) í Aðaldælahreppi, sem þvera Þegjandadal verða óhjákvæmilega fyrir raski. Þar þarf að rannsaka eitt eða fleiri snið. Fornleifar nr. 1:1 (garður) í Ljósavatnshreppi þyrfti sömuleiðis að rannsaka á sama hátt, en þó er hugsanlegt að hægt verði að komast hjá raski. Fornleifarnar eru einungis 4 – 6 m frá veginum. Fornleifar nr. 3:1 í Reykdælahreppi (garður) liggur fast upp að vegöxlinni á þjóðvegi 1 upp

á Fljótsheiði. Hann þarf að rannsaka ef ekki er hægt að tryggja öryggi hans, sem er hæpið. Fornleifar nr. 5:1 og 6:1 (garðar) á Fljótsheiði eru trúlega ekki í hættu.

Tekið skal fram að af gefnu tilefni telur undirritaður orðið mikilvægt að eftirlit með fornleifum verði viðhaft á meðan á framkvæmdum stendur og mælist til þess að þegar framkvæmdum lýkur verði farið yfir allt svæðið aftur og ástand fornleifanna kannað. Í þessu tilfelli er þó einkum átt við hið síðara.

Margar fornleifarnar ætti að vera hægt að tryggja á vettvangi með því að merkja þær áður en og meðan á framkvæmdum stendur eða gera framkvæmdaraðilum ljóst hvar þær er að finna.

Niðurstaða

Alls fundust 15 staðir sem geymdu 15 fornleifar við hina fyrirhuguðu ljósleiðaralínu. Meðaleinkunn (minja- og varðveislugildi) minjanna er 5,06 og 5,00 eða með öðrum orðum rétt nær því að vera talsvert í báðum tilfellum. Athygli er vakin á því að fornleifar er að finna í næsta nágrenni áhrifasvæðis línunnar, sérstaklega í Eyjafirði og á Þegjandadal.

Fornleifar sem hafa talsvert minjagildi, eða meira, þarf yfirleitt að rannsaka á einn eða annan hátt ef ekki er hægt að hlífa þeim við raski. Þetta á þó ekki við leiðir eða götur, þær nægir að hnitsetja nákvæmlega. Leita þarf leyfis Fornleifaverndar ríkisins vegna allra mótvægisáðgerða og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Athyglisverðustu fornleifarnar eru garðarnir á Þegjandadal og Fljótsheiði, en þeir eru hluti af miklu garðakerfi sem er frá miðöldum. Kerfi þetta hefur verið rannsakað að hluta og rannsóknir standa enn yfir (Árni Einarsson og fl. 2002). Rústin í Reykjadal (Reykðelahreppur nr. 1:1) gæti verið frá 16. öld eða eldri. Hana þarf að merkja svo hún verði ekki fyrir raski. Afar svipuð rúst sást í mynni Laxárdals í mjög svipuðu umhverfi. Hún var ekki skráð þar sem hún var langt frá væntanlegri ljósleiðaralínu. Þingmannavegur sem liggur frá Eyjafirði yfir Vaðlaheiði er víða býsna fallegur þar sem hann er hlaðinn upp á köflum og brúður. Vegurinn er stikaður og greinilega notaður sem gönguleið nú á tímum.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða önnur mannvirki of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til þeirra.

Verði talið nauðsynlegt að nota önnur svæði utan við hið kannaða svæði vegna fyrirhugaðra framkvæmda, svo sem birgðastöðvar fyrir efni, aðreinar að línunni o. s. frv. þarf að kanna þau áður með tilliti til fornleifa.

Af fenginni reynslu er það mat undirritaðs að nú sé svo komið að nauðsynlegt sé að hafa eftirlit með vissum framkvæmdum á meðan á þeim stendur svo að tryggja megir að fornleifar skaðist ekki eða að þeim verði eytt af vangá. Varla er þörf á slíku í þessu máli.

Pegar línulögn er lokið og gengið hefur verið frá svæðinu er mælt með því að farið verði yfir það og ástand fornleifa kannað og það staðfest með bréfi.

Heimildir

- Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning í Eyjafirði VI*. Fornleifar í landi Nausta, Hamra og Kjarna. Minjasafnið á Akureyri og Fornleifastofnun Íslands. Akureyri 1996.
- Árni Einarsson, Oddgeir Hansson & Orri Vésteinsson. „An extensive system of medieval earthworks in northeast Iceland.“ *Archaeologia Islandica* 2. Ritst. Gavin Lucas. Reykjavík 2002. Bls. 61-73.
- Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV: Fornleifar við norðan- og austanvert Mývatn, milli Grímsstaða og Kálfastrandar auk afréttalands*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2000.
- Bjarni F. Einarsson. *Könnun á fyrirhugaðri lögn ljósleiðara frá Akureyri að Kröflu*. Bréf dags. 18. des. 2006. Fornleifafræðistofan.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifaskráning í Þegjandadal vestanverðum: Bráðabirgðaskýrsla um skráningu sumarið 2005*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2006.
- Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
- Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. *Menningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal*. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2001.
- Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. *Fornleifaskráning í Eyjafirði X*. Fornleifar í landi Akureyrar norðan Glerár. Minjasafnið á Akureyri og Fornleifastofnun Íslands. Akureyri 1998.
- Sýslu- og sóknarlýsingar*. Eyjafjarðarsýsla. Magnús Kristinsson sá um útgáfunu. Eyfyrsk fræði II. Akureyri 1972.
- Sýslu- og sóknarlýsingar*. Þingeyjarsýslur. Reykjavík 1994.
- Þjóðminjalög* nr. 107, 20 maí 2001. Þingskjal 1490, 126.
- Örnefnaskrár* jarða sem við sögu koma. Handrit. Örnefnastofnun Íslands.

Viðauki

Fornleifaskrá

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Aðalnr.
Suður-Þingeyjarsýsla	Aðaldælahreppur	6609	1
Landareign	Nr	Heiti	Undirnr.
Hvoll			1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.v. sjó	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	5.5.2007	E 575754 N 587015	Isn 93	178	4

Teaund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Fjöldi					
Garður	Engjagarður	1					
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Ekkert	Engin	Sæmilegt	-1550		Ljósleiðari	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	7	Talsvert	7	Nei	Nei		

Lega og staðhættir	Heimildir og munnmæli
Um þveran Þegjandadal. Yfir holt, móa og mýri.	

Lýsing

Garður.

Garðurinn nær fjalla á milli. Hann er úr torfi, um 4 m breiður og 0,4 - 0,5 m hár (þar sem hann var skoðaður). Garðurinn er vatnsrofinn á köflum, vel gróinn lyngi, mosa og víði. Ljósleiðari hefur verið lagður í gegn um garðinn í kvos nokkurri í dalbotninum. Í kvosinni gæti hin eiginlegi forni garður hafa legið í boga, þó síðar hafi girðing verið lögð þvert yfir kvosina (girðingarstaur sást í austurbarmi hennar).

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

Filma nr./teg. myndar

Bjarni F. Einarsson

Fuji FinePix 7500

Athugasemdir

Garðinn þarf að kanna með sniðum áður en að nýr ljósleiðari verður lagður í gegn um hann

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Aðalnr.
Suður-Þingeyjarsýsla	Aðaldælahreppur	6609	2
Landareign	Nr	Heiti	Undirnr.
Hvoll			1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.v. sjó	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	5.5.2007	E 575627 N 586688	Isn 93	191	4

Teaund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Fjöldi					
Fornleið		1					
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Landeyðing	Lítill	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	3	Lítið	3	Nei	Nei		

Lega og staðhættir	Heimildir og munnmæli
Leiðin liggur þvert á Þegjandadal. Yfir holt, hæðir og mýri.	

Lýsing

Fornleið.

Leiðin liggur NNV - SSA, um 1 - 4 m á breidd og dýptin allt að 1 m. Hún er vel gróin. Um 30 - 40 m austur af GPS mælipunktinum skiptir leiðin sér og eru miklar reiðgötur sunnan megin.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

Filma nr./teg. myndar

Bjarni F. Einarsson

Fuji FinePix 7500

Athugasemdir

GPS mæla þyrfti hluta leiðarinnar inn á nákvæm kort

Sýsla

Suður-Þingeyjarsýsla

Landareign

Hvoll

Sveitarfélag

Aðaldælahreppur

Tákntala

6609

Aðalnr.

3

Landareign

Hvoll

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

5.5.2007

GPS Staðsetning

E 571737 N 585845

Viðmiðun

Isn 93

M.v. sjó

156

Skekkja

8

Teaund minja

Fornleið

Tilgáta/Niðurstaða

Fjöldi

1

Hættumat

Landeyðing

Hætta

Lítill

Ástand

Sæmilegt

Aldur

1550-1900

Íeyði

Tímab. hættumat

Ljósleiðari

Tímab. hætta

Mikil

Merkja?

Nei

Minjagildi

Lítið

Einkunn

3

Varðveislugildi

Lítið

Einkunn 2

3

Fríðlýsa?

Nei

Fríðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Leiðin liggur þvert á Þegjandadal. Yfir holt, hæðir og mýri.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Fornleið.
Leiðin liggur NV - SA og sjá má allt að 6 reiðgötur. Hún er vel gróin. Fylgir hún á kafla í lægð í landinu.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix 7500

Athugasemdir

GPS mæla þyrfti hluta leiðarinnar inn á nákvæm kort

Sýsla

Suður-Þingeyjarsýsla

Landareign

-

Sveitarfélag

Hálshreppur

Tákntala

6604

Aðalnr.

1

Landareign

-

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

6.5.2007

GPS Staðsetning

E 546489 N 582265

Viðmiðun

Isn 93

M.v. sjó

542

Skekkja

6

Teaund minja

Þjóðleið

Tilgáta/Niðurstaða

Fjöldi

1

Hættumat

Landeyðing

Hætta

Falsverð

Ástand

Sæmilegt

Aldur

1550-1900

Íeyði

Tímab. hættumat

Ljósleiðari

Tímab. hætta

Mikil

Merkja?

Nei

Minjagildi

Lítið

Einkunn

3

Varðveislugildi

Lítið

Einkunn 2

3

Fríðlýsa?

Nei

Fríðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Yfir Vaðlaheiði.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Þjóðleið.
Leiðin er um 3 - 5 m breið þar sem hún var skoðuð efst á Vaðlaheiði. Þar mátti sjá frekar nýleg ummerki um vélknúin ökutæki. Kaflinn sem skoðaður var er upp gerður, með grjóti við vegkantinn. Neðar í heiðinni samanstendur leiðin af mörgum reiðgötum. Núverandi malarvegur yfir Vaðlaheiðina sker þessa leið á mörgum stöðum.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix 7500

Athugasemdir

Engar frekari aðgerða er þörf

Fornleifaskrá

Sýsla

Suður-Þingeyjarsýsla

Landareign

Sveitarfélag

Ljósavatnshreppur

Nr

Tákntala

6605

Heiti

Aðalnr.

1

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

14.12.2006

GPS Staðsetning

E 559314 N 579926

Viðmiðun

Isn 93

M.v. sjó

-

Skekkja

5

Teaund minja

Garður

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Tímab. hættumat

Ljósleiðari

Tímab. hætta

Mikil

Merkja?

Nei

Minjagildi

Lítið

Einkunn

3,5

Varðveislugildi

Lítið

Einkunn 2

3

Fríðlýsa?

Nei

Fríðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Um 4 - 6 m S af Þjóðvegi 1. Í móa/mýri.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Garður.

Um 100 m langur (NV - SA), 1,3 - 1,5 m breiður og 0,3 - 0,4 m hár. Hann er vel gróin grasi og mosa. Vesturhlutinn hverfur undir Þjóðveginn og heldur líklega áfram hinum megin hans (ekki kannað). Að austan er garðurinn skorinn af afleggjara merktum Arnarstapa.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Fornleifaskrá

Sýsla

Suður-Þingeyjarsýsla

Landareign

Stórutjarnir

Sveitarfélag

Ljósavatnshreppur

Nr

Tákntala

6605

Heiti

Aðalnr.

2

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

6.5.2007

GPS Staðsetning

E 560356 N 579790

Viðmiðun

Isn 93

M.v. sjó

122

Skekkja

4

Teaund minja

Gata

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Tímab. hættumat

Ljósleiðari

Tímab. hætta

Lítill

Merkja?

Nei

Minjagildi

Lítið

Einkunn

3

Varðveislugildi

Lítið

Einkunn 2

3

Fríðlýsa?

Nei

Fríðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Um 60 m norðan við Þjóðveg 1, beint sunnan við forvera Þjóðvegjar 1. Skammt norður af Ljósavatni. Í holti og móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gata.

Gatan er um 2 m á breidd og nokkuð hlykkjótt þar sem hún liggur NV - SA. Hún er vel gróin mosa, grasi og víði. GPS mæld þar sem hún kemur undan gamla Þjóðvegi 1.

Teikning/ljósmynd





Ljósmynd

Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix 7500

Athugasemdir

Engar frekari aðgerða er þörf

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Aðalnr.
Suður-Þingeyjarsýsla	Ljósavatnshreppur	6605	3
Landareign	Nr	Heiti	Undirnr.
Háls			1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.v. sjó	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	6.5.2007	E 552037 N 582914	Isn 93	127	4

Teaund minja		Tilgáta/Niðurstaða		Fjöldi
Garður				1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	feyði
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	
Tímab. hættumat	Tímab. hætta			Merkja?
Ljósleiðari	Lítill			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	
Talsvert	5	Talsvert	5	
Friðlýsa?	Friðlýst?			Hvenær
Nei	Nei			

Lega og staðhættir

Um 10 m sunnan við þjóðveg 1 og um 4 m norðan við heimreiðina að Hálsi.

Heimildir og munnmæli

--

Lýsing

Garður.

Úr torfi, um 1,5 - 2 m breiður og 0,2 - 0,5 m há. Liggur hann NA - SV, upp hlíðina. Núverandi þjóðvegur hefur skorið af garðinum. Hann er vel gróin grasi og víði.

Hinum megin í dalverpinu, norðan við ána, eru rústir sem ljósleiðari liggur býsna nærri.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix 7500

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi garðsins þarf að rannsaka hann með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Aðalnr.
Suður-Þingeyjarsýsla	Reykdalehreppur	6608	1
Landareign	Nr	Heiti	Undirnr.
Öndólsstaðir			1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.v. sjó	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	5.5.2007	E 574510 N 583536	Isn 93	59	4

Teaund minja		Tilgáta/Niðurstaða		Fjöldi
Rúst		Beitarhús		1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	feyði
Ekkert	Engin	Ágætt	-1550	
Tímab. hættumat	Tímab. hætta			Merkja?
Ljósleiðari	Lítill			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	
Talsvert	7	Talsvert	7	
Friðlýsa?	Friðlýst?			Hvenær
Nei	Nei			

Lega og staðhættir

Um 100 m austan við malarveg í dálitlum grasi grónum hvammi í fjalshlíð.

Heimildir og munnmæli


--

Lýsing

Rúst.

5,5 x 11,5 m (NA - SV). Veggir úr torfi og grjóti, 1 - 2 m breiðir og 0,2 - 0,6 m háir. Tvö hólfr eru á rústinni (hólf A og B). Dyr eru á hólfi A til SV og einnig eru dyr á milli hólfa. NA - gafl er bogadreginn. Rústin er vel gróin grasi. Um fjóra metra suðvestur af rústinni er ljósleiðari frá Símanum.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix 7500

Athugasemdir

Merkja þarf rústina áður en að ljósleiðari verður lagður

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Aðalnr.
Suður-Þingeyjarsýsla	Reykdalehreppur	6608	2
Landareign	Nr	Heiti	Undirnr.
Öndólfstaðir			1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y. sjó	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	5.5.2007	E 574565 N 583524	Isn 93	66	6

Teaund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Fjöldi					
Garður		1					
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hættu	Merkja?
Landeyðing	Talsvert	Lélegt	-1550		Ljósleiðari	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	7	Talsvert	7	Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Garðurinn er í fjallshlíð, um 25 m ofan við rúst 1. Yfir holt og mýri.

Heimildir og munnmæli

--

Lýsing

Garður.

Úr torfi, um 1,5 - 3 m breiður (NNV - SSA) og 0,2 - 0,4 m hár. Hann er nokkuð hlykkjóttur og vel gróin grasi og mosa. Ljósleiðari hefur verið lagður skammt sunnan við mælipunktinn og þar er garðurinn mjög illa farinn og nær ósýnilegur.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix 7500

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi garðsins þarf að rannsaka hann með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Aðalnr.
Suður-Þingeyjarsýsla	Reykdalehreppur	6608	3
Landareign	Nr	Heiti	Undirnr.
-			1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y. sjó	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	6.5.2007	-	-	-	-

Teaund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Fjöldi					
Garður		1					
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hættu	Merkja?
Landeyðing	Lítill	Sæmilegt	-1550		Ljósleiðari	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	7	Talsvert	7	Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Báðum megin vegar á Fljótshéið austanverðri.

Heimildir og munnmæli

--

Lýsing

Garður.

Úr torfi, 2 - 3 m breiður og 0,2 - 0,3 m hár. Liggur hann NA - SV yfir heiðina. Núverandi vegur hefur rofið garðinn og sömuleiðis gamli þjóðvegurinn. Garðurinn er vel gróinn mosa og grasi. Garðurinn sást vel báðum megin vegarins.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix 7500

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi garðsins þarf að rannsaka hann með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja

Sýsla

Suður-Þingeyjarsýsla

Landareign

-

Sveitarfélag

Reykðælahreppur

Tákntala

6608

Aðalnr.

4

Landareign

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Dags.

GPS Staðsetning

Viðmiðun

M.v. sjó

Skekkja

Bjarni F. Einarsson

6.5.2007

E 571461 N 582416

Isn 93

198

6

Teaund minja

Tilgáta/Niðurstaða

Fjöldi

Fornleið

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Merkja?

Landeyðing

Lítill

Sæmilegt

1550-1900

Ljósleiðari

Lítill

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Fríðlýsa?

Fríðlýst?

Hvenær

Lítið

3

Lítið

3

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Yfir Fljótsheiði.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Fornleið.
Leiðin er um 1 - 2 m breið og allt að 1 m djúp þar sem hún var skoðuð. Hún er nokkuð hlykkjótt og liggur NA - SV. Á köflum skiptir hún sér í fleiri götur. Hún er vel gróin mosa, lyngi og grasi. Um 30 m norðan við hringveginn er varða (sjá efri mynd).

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

Filma nr./teg. myndar

Bjarni F. Einarsson

Fuji FinePix 7500

Athugasemdir

GPS mæla þyrfti hluta leidarinnar inn á nákvæm kort

Sýsla

Suður-Þingeyjarsýsla

Landareign

-

Sveitarfélag

Reykðælahreppur

Tákntala

6608

Aðalnr.

5

Landareign

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Dags.

GPS Staðsetning

Viðmiðun

M.v. sjó

Skekkja

Bjarni F. Einarsson

6.5.2007

E 571299 N 582080

Isn 93

223

6

Teaund minja

Tilgáta/Niðurstaða

Fjöldi

Garður

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Merkja?

Landeyðing

Lítill

Ágætt

-1550

Ljósleiðari

Lítill

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Fríðlýsa?

Fríðlýst?

Hvenær

Talsvert

7

Talsvert

7

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Á Fljótsheiði.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Garður.
Úr torfi, 3 - 4 m breiður og 0,3 - 0,4 m hár. Hann er vel gróin mosa og grasi. Þjóðvegur 1 sker garðinn, eins og fyrirrennari hans.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

Filma nr./teg. myndar

Bjarni F. Einarsson

Fuji FinePix 7500

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi garðsins þarf að rannsaka hann með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja

Sýsla

Suður-Þingeyjarsýsla

Landareign

-

Sveitarfélag

Reykdalehreppur

Tákntala

6608

Aðalnr.

6

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

6.5.2007

GPS Staðsetning

E 568834 N 578720

Viðmiðun

Isn 93

M.v. sjó

241

Skekkja

5

Teaund minja

Garður

Tilgáta/Niðurstaða

Fjöldi

1

Hættumat

Landeyðing

Hætta

Lítill

Ástand

Sæmilegt

Aldur

-1550

Íeyði

Tímab. hættumat

Ljósleiðari

Tímab. hætta

Lítill

Merkja?

Nei

Minjagildi

Talsvert

Einkunn

7

Varðveislugildi

Talsvert

Einkunn 2

7

Fríðlýsa?

Nei

Fríðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Á Fljótsheiði.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Garður.
Úr torfi, 2 - 3 m breiður og 0,1 - 0,3 m hár. Nokkuð ógreinilegur, en vel gróin grasi. Þjóðvegur 1 sker garðinn eins og forveri hans gerir einnig.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix 7500

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi garðsins þarf að rannsaka hann með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja

Sýsla

Eyjafjarðarsýsla/Suður Þing.

Landareign

-

Sveitarfélag

Öngulstaðahreppur

Tákntala

6512

Aðalnr.

1

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

7.5.2007

GPS Staðsetning

E 546016 N 573947

Viðmiðun

Isn 93

M.v. sjó

325

Skekkja

9

Teaund minja

Fornleið

Tilgáta/Niðurstaða

Fjöldi

1

Hættumat

Landeyðing

Hætta

Talsverð

Ástand

Sæmilegt

Aldur

1550-1900

Íeyði

Tímab. hættumat

Ljósleiðari

Tímab. hætta

Mikil

Merkja?

Já

Minjagildi

Talsvert

Einkunn

7

Varðveislugildi

Talsvert

Einkunn 2

7

Fríðlýsa?

Nei

Fríðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Yfir Vaðlaheiði.

Heimildir og munnmæli

Sýslu- og sóknarlýsingar. Eyjafjarðarsýsla. Magnús Kristinsson sá um útgáfuna. Eyfírsk fræði II. Akureyri 1972.
Sýslu- og sóknarlýsingar. Þingeyjarsýslur. Reykjavík 1994.

Lýsing

Fornleið.
Leiðin liggur upp hliðina Eyjafjarðarmegin að Þingmannahnjúk. Þar beygir hún til norðurs og liggur eftir heiðinni talsverðan spöl þar til hún beygir á ný til austurs, niður að Hróastöðum austan við Vaðlaheiðina.
Leiðin er hlykkjótt þar sem hún liggur upp fjallið austan megin í Eyjafirði. Hún er horfin í neðri hluta hliðarinnar, en kemur í ljós við Þingmannalækinn (þar sem GPS mælingin var fyrst gerð). Eftir það er hún mjög greinileg. Sjá má að hún hefur verið hreinsuð og grjót lagt í vegkantinn.
Skv. heimildum er leiðin hlaðin upp á köflum og brú er á henni upp á heiðinni. Í Sýslu- og sóknarlýsingu Eyjafjarðarsýslu segir að vegurinn hafi verið varðaður (1972:34).

Vegna veðurs var ekki unnt að fylgja leiðinni upp á heiðina. Það er eru þó til GPS punktar þaðan.
2. GPS punktur: E 546185 N 573828. 355 m.y.s.

Fjöldi GPS punkta er til, sem teknir voru af

Minjaverði Norðurlands eystra.

Athugasemdir

GPS mæla þyrfti hluta leiðarinnar inn á nákvæm kort og reyna að setja ljósleiðarann niður þannig að hann spilli ekki leiðinni mjög

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix 7500